


Kanon arkitektar ehf
Helga Bragadóttir,
arkitekt FAÍ
Laugavegi 28
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. maí 2009
Tilvísun: UST20090200119/ksj

Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024. Áfangaskýrsla 1 og matslýsing

Vísað er til erindis Kanon arkitekta fyrir hönd Sandgerðisbæjar þar sem óskað er umsagnar áfangaskýrslu 1 og matslýsingu fyrir tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við áfangaskýrslu 1 og matslýsingu fyrir tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi.

Landslag

Í áfangaskýrslu 1 er umfjöllun um landslagsheildir og þar kemur fram að mest af strandsvæðum sveitarfélagsins eru svæði á náttúruminjaskrá. Að mati Umhverfisstofnunar mætti auk þess fjalla um öll svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, svo sem eins og eldhraun og votlendi.

Matsvinna

Í umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda er listi yfir þær framkvæmdir sem verða til umfjöllunar í matsvinnunni. Umhverfisstofnun vekur athygli á að þar sem að á korti yfir landslagsgreiningu eru merktar inn 2 námur væri rétt að setja efnistökusvæði á listann. Sérstaklega ætti að gera grein fyrir námu sem merkt er sunnan Gálgakletta.


Urðunarsvæði Stafnesi

Í umfjöllun um landnotkun suður af Stafnesi kemur fram að óvissa sé um hvort nýta eigi svæðið suður af Stafnesi sem útivistarsvæði eða urðunarstað fyrir ösku frá Kólku. Að mati Umhverfisstofnunar er umrætt svæði ákjósanlegt útivistarsvæði enda liggur svæðið milli tveggja strandsvæða á náttúruminjaskrá. Á landslagsgreiningarkorti er fylgir erindinu kemur fram að frá nærliggjandi svæði er útsýni til Eldeyjar. Umhverfisstofnun telur eftirsóknarvert að vinna að frágangi úrgangshauga í nágrenni við Gálgakletta og finna urðunarstað fyrir ösku frá Kólku nær grófum iðnaðarsvæðum þar sem síður er von á fólki í útivist. Umhverfisstofnun tekur því undir þá stefnu að skoða vandlega mengunarrhættu af mögulegri urðun á svæðinu og að reynt yrði að finna aðra staðsetningu fyrir urðunarstað.

Akstursípróttir.

Umhverfisstofnun telur að akstursípróttir og strandsvæði á náttúruminjaskrá sem er vinsælt til útivistar og með auðugu lífríki fugla og annarra lífvera fari ekki vel saman. Stofnin telur mikilvægt að stöðva slíkan akstur á viðkomandi strandsvæðum. Umhverfisstofnun tekur undir að vísa þurfi akstri vélknúinna faratækja á akstursípróttasvæði í öðrum sveitarfélögum meðan þau finnast ekki innan Sandgerðisbæjar.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

Sandgerðisbær